

M-79/2018. Álit 27. september 2019.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 27. september 2019 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-79/2018.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 23. október 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á flísum og flísalími af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur að flísalímið hafi verið haldið galla við kaupin og krefst endurgreiðslu á kaupverði flísa sem skemmdust vegna notkunar flísalímsins, ásamt kostnaði við lagningu flísa.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 23. október 2018, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér þá heimild og bærust andsvör hans þann 5. nóvember 2018. Frekari athugasemdir bærust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 23. september 2019, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi festi kaup á flísum og flísalími af gerðinni K100 Hyperflex af seljanda. Þann 9. júlí 2018 keypti álitsbeiðandi sjö poka af flísalími af alls tíu pokum, en sá síðasti var keyptur 18. september 2018. Hver poki kostaði 4.798 krónur án virðisaukaskatts en álitsbeiðandi fékk 30% afslátt af kaupverði. Kveðst álitsbeiðandi hafa óskað eftir því að fá límið, ásamt öðrum keyptum vörum, afhent í áföngum þar sem álitsbeiðandi er búsett á Patreksfirði og var verið að gera upp fasteign þar. Þann 18. september 2018 var flísalímið sótt ásamt fleiri vörum en sama dag festi álitsbeiðandi kaup á meira flísalími.

Flísaurnar voru lagðar í fasteign í eigu álitsbeiðanda á tímabilinu 10. til 20. október 2018. Þremur dögum eftir að flísaurnar höfðu verið lagðar kom í ljós að flísalímið hélt ekki flísunum og þær voru lausar á yfirborði gólfsins. Á þeim tíma var búið að leggja um 30 fermetra af gólfefni og eru lausu flísaurnar allar ónýtar að sögn álitsbeiðanda, auk þess sem óvíst er með ástand á gólfinu. Álitsbeiðandi kveðst í kjölfarið hafa skoðað umbúðir flísalímsins, sem keypt var 18. september 2018, og þar stóð að líminu hafi verið pakkað þann 25. september 2017. Þar stóð einnig að nota megi límið í 12 mánuðum frá pakkingu ef það er í lokuðum, upprunalegum umbúðum og geymt við réttar aðstæður. Þegar álitsbeiðandi fékk vörurnar afhentar þann 18. september var því aðeins ein vika í að límið myndi renna út. Kveðst álitsbeiðandi hafa haldið að hún væri að kaupa nýja vöru en ekki vöru sem yrði að „drífa sig að nota“.

Álitsbeiðandi segir enga aðvörun hafa fylgt frá seljanda um að límið væri að renna á tíma eða að nota yrði límið strax eftir kaupin. Álitsbeiðandi kveðst hafa ráðfært sig við tvo múrarameistara sem voru sammála um að flísalím eigi aldrei að nota komið á tíma og hvað þá selja það úr búið án þess að láta kaupanda vita. Álitsbeiðandi segir að farið hafi verið eftir öllum leiðbeiningum við blöndun efnisins.

Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi bæti henni flísaurnar og vinnuna sem fór í að leggja gólfið, sem voru tveir dagar í vinnu tveggja aðila að sögn álitsbeiðanda. Þá segir álitsbeiðandi ekki ljóst hvort meira tjón hafi orðið, til að mynda á gólfnninu undir flísunum.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum sínum segir seljandi að þegar álitsbeiðandi kvartaði hafi hann reynt að koma til aðstoðar og var óskað eftir sýnum af flísum og lími. Þá var óskað eftir svörum við nokkrum spurningum sem varða notkun efnisins og lagningu flísanna. Þeirri beiðni var hafnað. Kveðst seljandi þá hafa leitað til múrarameistara sem notað hafa talsvert af flísalíminu sem um ræðir, sem kom í sömu sendingu og límið sem álitsbeiðandi keypti. Var límið notað í september 2018 og hafa þeir sagt að ekkert athugavert hafi komið fram við notkun flísalímsins.

Seljandi bendir á að margvíslegar ástæður geti verið fyrir losi í flísalögnum. Flestar þeirra tengist rangri meðhöndlun eða rangri umgengni um efnið. Að álitum þeirra tveggja múrara sem starfa hjá seljanda er líklegasta orsök þess að flísarnar losnuðu hjá álitsbeiðanda sú að og snemma hafi verið gengið inn á gólfið eftir flísalögnina.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Líkt og að framan greinir keypti álitsbeiðandi flísalím af gerðinni K100 Hyperflex white af seljanda frá 9. júlí 2018 til 18. september 2018. Flísalímið var sótt þann 18. september 2018 og flutt til Patreksfjarðar þar sem það var notað til flísalagningar frá 10. til 20. október 2018. Þremur dögum eftir að búið var að leggja flísar á um það bil 30 fermetra svæði segir álitsbeiðandi að flísarnar hafi farið að losna frá gólfinu. Í kjölfarið kveðst álitsbeiðandi hafa skoðað umbúðir flísalímsins þar sem fram kom að límið skuli notað allt að 12 mánuði frá pakkningu þess þann 25. september 2017. Flísalímið var ekki útrunnið þegar álitsbeiðandi festi kaup á því en í október voru 13 mánuðir liðnir frá því að líminu var pakkað. Álitsbeiðandi telur að flísalímið hafi verið gallað og því hafi flísarnar losnað frá gólfinu. Telur álitsbeiðandi að seljandi hafi átt að veita henni upplýsingar um að límið fari brátt að renna út. Seljandi telur hins vegar að efnið hafi ekki verið meðhöndlað með réttum hætti og það hafi valdið því að flísarnar losnuðu.

Í 12. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup (lkpl.) er mælt fyrir um áhættuskripti við kaup á söluhlut. Í því felst að þegar kaupandi hefur fengið söluhlut afhentan hvílir áhættan á því að söluhlutur farist, skemmist eða rýrnar, á kaupanda, ef um er að ræða atvik sem verða ekki rakin til seljanda. Í 17. gr. laganna er mælt fyrir um eiginleika söluhlutar, en ákvæðið er svohljóðandi:

17. gr. Eiginleikar söluhlutar.

Söluhlutur skal, hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi.

Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur:

- a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;
- b. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að kaupandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess;
- c. hafa þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur vísað til með því að leggja fram prufu eða líkan;

d. vera í venjulegum eða öðrum forsvaranlegum umbúðum sem nauðsynlegar eru til að varðveita og vernda hann.

...

Söluhlutur telst gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 1. og 2. mgr.

Þegar álitsbeiðandi sótti flísalímið til seljanda þann 18. september 2018 var stutt í að 12 mánuðir væru liðnir frá því að flísalíminu var pakkað þann 25. september 2017. Þó liggur fyrir að flísalímið var ekki útrunnið þegar álitsbeiðandi festi kaup á því þann 9. júlí 2018 og 18. september 2018. Verður því að líta svo á að krafa álitsbeiðanda hafi orðið til eftir að kaupin fóru fram, en kröfur sem verða til eftir kaup á söluhlut falla utan ákvæðis 17. gr. lkpl.

Kærunefndin getur ekki fallist á það með hliðsjón af gögnum málsins að flísalímið hafi verið haldið galla þegar álitsbeiðandi festi kaup á því og við áhættuskiptatímamarkið þann 18. september 2018. Þá telur nefndin ekki unnt að fullyrða að flísarnar hafi losnað þremur dögum eftir að þær voru lagðar af þeirri ástæðu einni að 13 mánuðir voru frá því að flísalíminu var pakkað. Verður að fallast á það með seljanda að margvíslegar ástæður geti legið því að baki að flísar losni. Er nefndinni því ekki annað fært með hliðsjón af gögnum málsins en að hafna kröfum álitsbeiðanda.

VI

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson